

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*
Starfsleyfisskilyrði fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir rekstur starfsemi sem veitir persónulega þjónustu s.s. hársnyrtingu, snyrtingu, fót snyrtingu, förðun, trimmform, nudd, naglaásetningu, leirvafninga og aðra sambærilega starfsemi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgðin er gagnvart viðskiptavinum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Óheimilt er að hafa teppi á gólfum meðferðarrýmis. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð)
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.
- 2.5 Starfsfólk og viðskiptavinir skulu eiga greiðan aðgang að búnings- og baðaðstöðu eftir því sem við á, salerni og handlaug með sápu og einnota handþurrkum. Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingum.
- 2.6 Fatahengi þarf að vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.
- 2.7 Fyrir hvern aðgerðarstól má ekki vera minna en 5 m² gólfrymi að salernis- og starfsmannaaðstöðu undanskyldri.
- 2.8 Þar sem heil húð er rofin eða snerting starfsmanns við viðskiptavin er mikil skal vera sérstök handlaug í tengslum við meðferðarrými. Við hana skal vera fljótandi sápa, einnota handþurrkur og gerileyðir.
- 2.9 Fullnægjandi búnaður þarf að vera fyrir hendi, svo sem borð og vaskar, sem sérstaklega er ætlaður til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og vinnu með sterk efni.
- 2.10 Þar sem við á skal vera útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.
- 2.11 Geymsla á hreinum áhöldum þarf að vera fullnægjandi.
- 2.12 Þar sem hárfvottur á sér stað skulu vera sérstakir vaskar til hárfvotta.

3. Hreinlæti

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Sóttvarnir

- 4.1 Starfsmenn skulu ástunda fullnægjandi handþvott.
- 4.2 Öll áhöld sem notuð eru á viðskiptavini skulu vera hrein. Fara skal eftir leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar um hreinsun, sóttgreinsun og dauðgreinsun áhalda eftir því sem við á.
- 4.3 Lágmarksþrif á margnota áhöldum milli viðskiptavina er þvottur, venjulega með þvottabursta og sápu og vatni. Ef húð rofnar eða blæðir skal að auki sóttgreinsa eða dauðgreinsa áhaldið milli viðskiptavina eftir því sem við á.
- 4.4 Rakhnífa á húð má ekki nota milli viðskiptavina nema að undangenginni sóttgreinsun. Mælt er með notkun einnota rakhnífa.
- 4.5 Áhöld sem fara í gegnum húð eða snerta opið sár skulu dauðgreinsuð, pökkuð og geymd á viðurkenndan hátt. Nota skal einnota áhöld þegar kostur er.
- 4.6 Fótlaugar (fótbala) skal klæða innan með sérstökum plastpokum fyrir hvern viðskiptavin og sóttgreinsa reglulega.
- 4.7 Krem- og smyrslíát eiga ekki að standa opin á borðum. Nota skal einnota áhöld eftir megni og varast að varalitir og annað berist beint milli viðskiptavina. Nota skal einnota dauðgreinsaðar nálar til að fjarlægja hár. Pensla á að hreinsa milli viðskiptavina.
- 4.8 Fyrir hvern viðskiptavin skal eftir því sem við á nota hreinar hlífur s.s. úr taui eða einnota pappírshlífur. Þvott skal þvo við a.m.k. 60°C.
- 4.9 Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.

5. Matvæli

- 5.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

6. Umhverfismál

- 6.1 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu eða endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Nálum, öðrum oddhvössum úrgangi og sóttmenguduðum úrgangi skal fargað í viðurkennd ílát fyrir spilliefni eða ílát fyrir sóttmengaðan úrgang og komið til móttökustöðva.
- 6.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 6.5 Þeim sem selja vörur sem innihalda hættuleg efni (t.d. vetnisperoxíð eða aseton) ber að sjá til þess að vörurnar séu merktar á íslensku. Snyrtivörur eiga að bera innihaldslýsingu á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku.
- 6.6 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.7 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 19/1997 um sóttvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vöruhegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 93.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur